

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 12. janúar 1945, um róðrartíma fiskibáta. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 4 7. janúar 1946, um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa, og önnur fyrirmæli, er fara kunna í bága við ákvæði þessarar reglugerðar.

Atvinnuáráðuneytið, 21. janúar 1947.

Áki Jakobsson.

Páll Pálmason.

46

21. jan.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

47

28. febr.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar, sem orkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli á 1 krónu hver kwst.
2. Um hemilmæli á 120 kr. hvert árshektowatt (hw) og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hw. Umframnotkun skal hér seld á 1 kr. hver kwst.
3. Um kwst.-mæli á 30 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 5 kr. á ári af hverjum fermetra (m²) gólfplatar, er lýsa skal. Þar sem gólfpletir eru tiltölulega stórir, miðað við ljósmagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi, samkv. reglum, er rafveitustjórn setur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um einn kwst.-mæli á 20 aura hver kwst. af fyrstu notkun, er nemi:

60 kwst. á m ² á ári af fyrstu 25 m ² gólfplatar.	
40	næstu 25 — —
20	— 25 — —

Notkun umfram þetta greiðist með 12 aurum hver kwst.

Notandi greiði hér fast gjald, er nemi kr. 3.60 á ári á hvern fermetra íbúðarinnar.

Miða skal við gólfplöt allrar íbúðarinnar, sem telst herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús.

Heimilt er að takmarka ákvæði gjaldliðs þessa þannig, að gólfplötur heimilis reiknist eigi yfir 25 m² á hvern mann á heimilinu. Þó skal til þess koma leyfi rafveitustjórnar í hvert sinn.

2. Um einn kwst.-mæli á 20 aura hver kwst. af fyrstu notkun er nemi:

Í íbúð, sem er 1 herbergi og eldhús, 1200 kwst. á ári.

—	2	—	1500	—
—	3	—	1800	—
—	4	—	2000	—
—	5	—	2200	—
—	6	—	2300	—
—	7	—	2400	—

47
28. febr.

Notkun umfram þetta greiðist með 12 aurum hver kwst. Notandi greiði auk þess fastagjald, er nemi 30 kr. á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús.

3. Um hemilmæli á 500 kr. hvert árskw. og auk þess 50 aura á kwst. fyrir umframnotkun. Hemilstillingin skal vera minnst 1000 wött, að viðbættum 200 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi fram yfir tvö.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli á 50 aura hver kwst.
2. Um hemilmæli á 500 kr. árskw., en 25 aura öll umframnotkun. Rafveitustjóri ákveður stillingu hemilsins í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið.
3. Um tvígjaldsmæli, ef um meira en 10 kw. afl er að ræða, og ársnotkunartíminn er meiri en 500 klst. á 1 kr. á tíma mesta álags, 25 aura utan þess tíma.

Heimilt er að reikna tíma mesta álags allt að 2 klst. um hádegi og 2 klst. á kvöldi.

Ef ársnotkun um einn mæli er meiri en 20000 kwst., má veita afslátt á notkun utan tíma mesta álags, þannig:

Fyrir fyrstu 20000 kwst. utan tíma mesta álags	25	aura.
— næstu 30000	20	—
— umfram 50000	15	—

4. Um mæla þannig reiknað:

160 kr. árskw. fyrir fyrstu 25 kw.
130 — — — — — næstu 25 —
100 — — — — — umfram 50 —

Auk þess greiðist kwst.-gjald, er reiknast þannig, miðað við eitt ár:

Fyrstu 100000 kwst á 7.0 aura hver kwst
Næstu 100000 — — 6.5 — — —
— 200000 — — 6.0 — — —
— 200000 — — 5.5 — — —
Umfram 600000 — — 5.0 — — —

D. Hitun.

Þar sem orkan er notuð til hitunar má selja:

1. Til upphitunar húsa, enda sé rafmagnsupphitun aðalupphitun hússins:
 - a) Um sérmæli fyrir hitalögnina á 4 aura hverja kwst.
 - b) Um sérmæli á 2.4 aura hverja kwst, enda hafi rafveitan rétt til að rjúfa strauminn að hitalögninni í eina klst. um hádegi.
 - c) Um sérmæli á 2 aura hverja kwst, enda megi þá rjúfa strauminn að hitalögninni í 2 klst. um hádegi og 1 klst. að kveldi, þegar álag rafveitunnar er mest.
 - d) Um tvígjaldmæla fyrir hitalagnir á 1.6 eyri fyrir hverja kwst frá kl. 22 til kl. 8, en á 2,2 aura frá kl. 8 til 22. Straumurinn sé rofinn á sömu tímum og við D1c.
 - e) Um sama mæli sem til annarrar heimilisnotkunar samkvæmt gjaldskrárlið B1 og B2, þannig að verð á umframnotkun lækki úr 12 aurum í 2.4 aura, ef fullnægt er skilyrðum liðs B1d, í 2 aura, ef fullnægt er skilyrðum D1d, og reiknast þá öll næturnotkun á 1.6 aura.

f) Um kwst-mæli á 1 eyri fyrir hverja kwst næturnotkunar er fer fram frá kl. 22 til kl. 8, enda sé eingöngu eða því nær eingöngu notað næturrafmagn til upphitunar hússins. 47 28. febr.

2. Til hitunar í iðnaði, handiðn eða atvinnurekstri á 3.5 aura, enda sé þá minnsta notkun 10000 kwst. á ári.

3. Til hitunar í iðnaði, handiðn eða atvinnurekstri um tvígjaldsmæli á 2.0 aura hverja kwst frá kl. 22 til kl. 8 og á 9 aura frá kl. 8 til kl. 22.

Heimilt er að breyta gjaldskrárliðum hlutfallslega við kolaverð og miðast þá framangreint verð á D við 65 kr. útsöluverð á kolum (tonn).

Sala samkvæmt gjaldskrárlið D1 til fullrar húshitunar er bundin því skilyrði, að götulinur og spennubreytar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

Notandi skal kosta tengingu sjálfvirks klukkurofa fyrir hitalögnina, og greiða leigu fyrir hann samkv. sömu reglum og gilda fyrir leigu mæla.

E. Sumarnotkun.

Rafveitustjórn er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.

F. Þegar sérstaklega stendur á

má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn nema til komi samþykki rafveitustjórnar.

G. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu

ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitustjórnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækis, sem nota skal fyrir veitu hverri. Heimilt er að taka leigu fyrir mælitæki, er nemur allt að 20% af verði þeirra.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, er miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt sem hér segir:

	Brunabótamat:	Heimtaugargjöld	
		Jarðlína	Löftlína
1.	0— 5000 kr.	300 kr.	170 kr.
2.	5000— 10000 —	380 —	230 —
3.	10000— 12500 —	450 —	280 —
4.	12500— 15000 —	510 —	330 —
5.	15000— 17500 —	560 —	370 —
6.	17500— 20000 —	600 —	420 —
7.	20000— 25000 —	700 —	510 —
8.	25000— 30000 —	780 —	600 —
9.	30000— 40000 —	880 —	650 —
10.	40000— 50000 —	980 —	700 —

47
28. febr.

	Brunabótamat:	Heimtaugargjöld	
		Jarðlína	Loflína
11.	50000—60000 kr.	1060 kr.	750 kr.
12.	60000—70000 —	1100 —	790 —
13.	70000—80000 —	1140 —	830 —
14.	80000—90000 —	1170 —	870 —
15.	90000—100000 —	1200 —	900 —
16.	100000—125000 —	1250 —	950 —
17.	125000—150000 —	1300 —	1000 —
18.	150000—200000 —	1400 —	1050 —
19.	Yfir 200000 —	1500 —	1100 —

Sé lengd jarðlínunnar meiri en 15 m, loflínuheimtaugar meiri en 40 m og gildleiki vira meiri en 2×70 qmm, skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir. Standi sérstaklega á, eða séu óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjaldþaga, þegar lokið er lagningu heimtaugar.

IV. ÝMIS GJÖLD

1. Opnunargjald.

Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar, er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt 3 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt 3 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Rafveitustjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlst gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá rafveitunnar nr. 150 frá 18. des. 1944.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.